

AF HVERJU ER MIKILVÆGT AÐ KENNA BÖRNUM AÐ KLAPPA ATKVÆÐI?

Með því að klappa atkvæði
læra börn að hægt er að skipta
orði niður í smærri einingar.

Sú vitneskja hjálpar þeim að átta sig á t.d. uppbyggingu
orðanna og gefur þeim tilfinningu fyrir hljóðum
tungumálsins.

Hæfnin að geta skipt orði niður í einingar hjálpar börnum að
lesa löng og flókin orð og getur hjálpað þeim með
stafsetningu.

AÐFERÐIR TIL AÐ ÞJÁLFA AÐ KLAPPA ATKVÆÐI

Það er mikilvægt að leggja áherslu á að við erum að skipta orðinu niður í smærri einingar.

Klappa nafnið okkar

Klappa orð sem við sjáum í kringum okkur
t.d. í göngutúr - bílferð - skólastofu

Klappa orð sem tilheyra ákveðnu þema sem
barnið hefur gaman af
t.d. dýranöfn - bílategundir - risaeðlur

Klappa orð sem hafa ákveðið mörg klöpp
t.d. finna orð sem hafa þrjú klöpp